

2348. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn fimmtudaginn 25. júní 2026 og hófst kl. 16:00. Fundurinn var haldinn á Laugardalsvelli og á Teams.

Mættir stjórnarmenn:

Þorvaldur Örlygsson formaður
Helga Helgadóttir varaformaður
Ingi Sigurðsson varaformaður
Börkur Edvardsson
Halldór Breiðfjörð Jóhannsson
Heimir Fannar Gunnlaugsson
Hildur Jóna Þorsteinsdóttir
Sveinn Gíslason
Þorkell Máni Pétursson

Forföll:

Pálmi Haraldsson
Tinna Hrund Hlynsdóttir

Mættir starfsmenn:

Eysteinn Pétur Lárusson framkvæmdastjóri sem
ritaði fundargerð

Þorvaldur Örlygsson formaður KSÍ bauð alla velkomna og fór yfir dagskrá fundarins.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar.
 - a. Lögð fram fundargerð síðasta stjórnarfundar (fundur nr. 2347). Fundargerðin hefur þegar verið undirrituð rafrænt.
2. Fundargerðir nefnda lagðar fram og fréttir af vettvangi ÍTF.
 - a. Fundargerðir nefnda lagðar fram:
 - i. Fundargerð dómaranefndar frá 28. maí 2026
 - ii. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 4. júní 2026
 - iii. Fundargerð knattspyrnuþróunarnefndar frá 19. maí 2026.
 - iv. Fundur mótanefndar frá 16. júní 2026.
 - b. Heimir Fannar Gunnlaugsson fór yfir helstu fréttir af vettvangi ÍTF.

Mótin eru í fullum gangi og ganga vel. Miðað við tölur frá Birtingahúsinu að þá er sjónvarpsáhorf að aukast á Bestu deildina. Viðræður eru þegar hafnar við Sýn um nýjan samning.

Lengjudeildin er sýnd á Livey þar sem notast er við Spiideo vélar á flestum völlum og hefur það gengið vel. Þorvaldur formaður fékk orðið og sagði frá því að prufuvélar (á 16 metra línunum) hafa verið settar upp á Samsung völlum í Garðabæ og vonandi mun það ganga vel.

Ingi Sigurðsson varaformaður spurði um endurnýjun samninga við Sýn og hvort það hafi mælst vel fyrir að hafa alla leikina á sama tíma. Lagði Ingi áherslu á að þetta yrði að skoða samhliða nýjum samningum og einnig væri mikilvægt að taka samtal við t.d. dómara- og mótanefndir því breytingin hefur haft áhrif á mönnun dómara í efstu tveimur deildunum.
3. Upplýsingagjöf milli funda frá framkvæmdastjóra/skrifstofu.

Eysteinn Pétur Lárusson framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna á ýmsum málum og lagði fram minnisblað frá sviðum þar sem farið er yfir helstu verkefni sem eru í gangi.

Þorkell Máni Pétursson lagði fram nokkrar spurningar um helstu verkefni og var Eysteinn framkvæmdastjóri til svara.

4. Lög og reglugerðir

a. Vallarleyfi

Lögð var fram tillaga mannvirkjanefndar að vallarleyfi (tillagan samþykkt milli funda og bókuð í fundargerð 25. júní)

Vallarleyfi B – 2026

Skilyrði fyrir þátttöku í Bestu deild karla

Mannvirkjanefnd leggur til að eftirfarandi velli verði veitt skilyrt vallarleyfi B til 31.12.2026*:

Ásinn- heimavöllur Þórs á Akureyri**,

Þór Akureyri sækir um vallarleyfi B, Þór leikur í Bestu deild karla og Þór/KA leikur í Bestu deild kvenna. Krafa er um B leyfi í Bestu deild karla og C leyfi í Bestu deild kvenna.

Þór Akureyri hefur staðið í framkvæmdum á nýjum velli frá árinu 2025. Völlurinn hefur verið byggður fyrir tilstilli sjálfbóðaliða hjá félaginu ásamt Akureyrarbæ.

Mannvirkjanefnd leggur til að vellinum verði veitt skilyrt vallarleyfi B til 10. júlí 2026

þar sem framkvæmdir standa enn yfir og félaginu er gefinn kostur á að klára framkvæmdir sem eftir standa fyrir þann tíma.

*Framkvæmdir sem standa yfir

- Framkvæmdir við varanlega aðstöðu fyrir fatlaðra áhorfendur
- Uppsetning á hljóðkerfi við völinn
- Frágangur á stiga við blaðamannagám
- Malbikun og annar frágangur á svæðinu

Sé framkvæmdum lokið fyrir áætlaðan tíma mun völlurinn hljóta vallarleyfi til 31.12.2026.

** Undanþága vegna fjölda sæta (800 sæti) og þaks á stúku. Horft til til framtíðaráætlana Þórs í tengslum við undanþágu á þaki.

Athugasemdir mannvirkjanefndar:

Mannvirkjanefnd vill koma því á framfæri að Þór Akureyri er veitt undanþága vegna fjölda sæta (800 sæti), krafa í reglugerð segir að 1000 sæti sé lágmarksfjöldi í efstu deild. Mannvirkjanefnd lítur á það að ekki séu veittar frekari undanþágur vegna sætafjölda á komandi árum.

Stjórn KSÍ samþykkti tillöguna.

b. Mannvirkjareglugerð

Lögð var fram tillaga til stjórnar KSÍ varðandi mannvirkjareglugerð KSÍ og breytingu á lið 11.4 er varðar öryggissvæði í knattspyrnuhúsum.

Stjórn fagnar umbótum á reglugerðinni sem taka mið af slysum sem hafa orðið nýlega í knatt húsum. Stjórn felur framkvæmdastjóra að taka ákvæði reglugerðar áfram með lögfræðingi KSÍ og mannvirkjanefnd. Stefnt er að því að taka málið aftur fyrir á stjórnarfundum í ágúst en fram að þeim tíma mun KSÍ hafa samband við aðildarfélög sín og forsvarsmenn knatt húsa/sveitarfélaganna með það að leiðarljósi að öryggi iðkenda á æfingum og í leikjum sé tryggt með sem bestum hætti. Einnig var framkvæmdastjóra falið að koma áskorun á leiðis til aðildarfélaga KSÍ og sveitarfélaga varðandi lausan búnað inni á öryggissvæðum knattspyrnuvalla s.s. mörk, borð, o.fl. sem skapa oft mikla

hættu.

5. Móta- og dómaramál

- a. Helga formaður mótanefndar fór yfir ýmislegt tengt mótamálum. Fyrst og fremst hafa þau mál sem hafa komið upp á síðkastið snúist um leikjabreytingar sem hefur þurft að gera og hvernig koma skuli þeim leikjum fyrir.
- b. Halldór Breiðfjörð dómarnefndarmaður fór almennt yfir stöðuna í dómaramálum.

6. Landsliðsmál

- a. Arnar Gunnlaugsson þjálfari A landsliðs karla og Davíð Snorri Jónasson aðstoðarþjálfari komu í heimsókn á fundinn. Þeir fóru vítt og breitt yfir þau verkefni sem hafa verið í gangi og hvernig síðustu landsliðsverkefni hafa horft við þeim. Þeir fóru einnig yfir sína hugmyndafræði sem og næstu verkefni í haust hjá A landsliði karla.
Góðar umræður urðu á milli aðila og stjórn flytur þakkir til þeirra félaga.
- b. Þorvaldur formaður fór stuttlega yfir öll þau verkefni sem hafa verið í gangi frá síðasta fundi og eins þau verkefni sem eru framundan. Helst ber að nefna lokamót U19 kvenna sem hefst á næstu dögum og óskar stjórn KSÍ íslenska liðinu góðs gengis á lokamótinu.

7. Laugardalsvöllur

- a. Ingi Sigurðsson varaformaður fór yfir stöðuna á Þjóðarleikvangi ehf. og þeim fundum sem haldnir hafa verið frá því að stjórn KSÍ hittist síðast.
Eysteinn framkvæmdastjóri fór yfir þau samtöl sem hafa átt sér stað við Reykjavíkurorg varðandi endurnýjun á þjónustu- og rekstrarsamningi. Skemmst frá því að segja að engin svör hafa borist við síðasta erindi KSÍ sem var sent á fulltrúa Reykjavíkurborgar í lok maí.

8. Önnur mál

- a. Óskar Örn Guðbrandsson, starfsmaður KSÍ á markaðssviði, fór yfir nýja gervigreindarstefnu KSÍ sem lögð var fram. Góðar umræður urðu og var Óskari sérstaklega þakkað fyrir þessa góðu vinnu. *Stjórn KSÍ samþykkti tillöguna.*
- b. Halldór Breiðfjörð fór yfir nýlegar heiðursviðurkenningar KSÍ, í tilefni af 90 ára afmæli UMF Selfoss.
 - i. Kjartan Björnsson - Gullmerki
 - ii. Alma Sigurjónsdóttir - Silfurmerki
 - iii. Laufey Inga Guðmundsdóttir - Silfurmerki
 - iv. Selma Sigurjónsdóttir - Silfurmerki
- c. Eysteinn Pétur framkvæmdastjóri fór yfir FIFA Arena verkefnið sem er alþjóðlegt verkefni sem FIFA hefur sett af stað til að byggja upp sparkvelli (mini-pitches) víðsvegar um heiminn.
Stjórn samþykkti að fela framkvæmdastjóra að auglýsa verkefnið og óska eftir umsóknum við fyrsta tækifæri.
- d. Þorvaldur formaður sagði frá væntanlegri heimsókn fulltrúa UEFA í byrjun júlí til að skoða aðstæður vegna fundar framkvæmdastjórnar UEFA sem stefnt er á að haldinn verði hér á landi í september 2027.
- e. Heimir Fannar sagði frá vinnu í knattspyrnu- og þróunarnefnd og hvatti stjórnarmeðlimi til að skoða fundargerðina sem liggur fyrir fundinum og varðar þróun kvennaknattspyrnu. Málið verður unnið áfram á vettvangi nefndarinnar og á afrekssviði.
- f. Spurt var um stöðuna á viðræðum við KSÍ-dómara, en núverandi samningur rennur út í

lok árs 2026. Eysteinn framkvæmdastjóri var til svara og er búið að hitta samninganefnd dómara einu sinni. Eins og staðan er núna er boltinn hjá þeim.

Fundi slitið kl. 17:55.

Fundarritari: Eysteinn Pétur Lárusson

Næstu fundir boðaðir 13. ágúst og 17. september

Undirritunarsíða

Þorvaldur Örlygsson

Ingi Sigurðsson

Helga Helgadóttir

Þorkell Máni Pétursson

Halldór Breiðfjörð Jóhannsson

Sveinn Gíslason

Eysteinn Pétur Lárusson

Edvard Börkur Edvardsson

Heimir Fannar Gunnlaugsson

Hildur Jóna Þorsteinsdóttir